

**Malbikstöðin**

# **Grænt bókhald 2020**



**MALBIKSTÖÐIN**

1.	Yfirlýsing fyrirtækis .....	2
2.	Áritun endurskoðanda græns bókhalds.....	3
3.	Almennt um starfsemina.....	4
4.	Umhverfisstefna .....	7
5.	Umhverfismarkmið .....	8
6.	Hráefnis og auðlindanotkun.....	9
7.	Áhrifapættir og losun .....	10
8.	Gátlisti frá UST .....	12

## I. Yfirlýsing fyrirtækis

Stjórn Malbikstöðvarinnar ehf kt. 700402-7890, lýsir því hér með yfir að þær upplýsingar og tölur sem birtar eru í þessari skýrslu séu rétt unnar og gerðar eftir bestu vitund starfsmanna úr bókhaldsgögnum félagsins

Mosfellsbær dags: 10. Ágúst 2021

Fyrir hönd stjórnar Malbikstöðvarinnar ehf.



Vilhjálmur Þór Matthíasson

Malbikstöðin ehf

Koparsléttu 6-8

162 Reykjavík

Kt.: 700402-7890

## 2. Áritun endurskoðanda græns bókhalds

Ég hef yfirfarið upplýsingar sem fram koma í skýrslu um grænt bókhaldi Malbikstöðvarinnar fyrir árið 2020 í samræmi við reglugerð nr.851/2002 um grænt bókhald.

Skoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna þær tölulegu upplýsingar sem fram koma græna bókhaldinu.

Eftir yfirferð á gögnum er það álit mitt að græna bókhaldið sé í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 851/2002 og upplýsingar í fjárhagsbókhaldi Malbikstöðvarinnar.

Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf.

*Elín Vignisdóttir*

---

Elín Vignisdóttir, landfræðingur M.Sc.

### 3. Almennt um starfsemina

#### 3.1. Fyrirtækið

Malbikstöðin ehf  
Koparsléttu 6-8  
162 Reykjavík  
Kt.: 700402-7890

<b>Forstjóri / ábyrgðaraðili:</b>	Vilhjálmur Þór Matthíasson
<b>Stöðvarstjóri:</b>	Sveinn Andri Sigurðsson
<b>Fyrirtækjaflokkur:</b>	ÍSAT 23990 Framleiðsla á öðrum ótöldum vörum úr málmlausum steinefnum
<b>Gildistími starfsleyfis:</b>	03.06.2020 - 03.06.2036
<b>Nafn útgefanda starfsleyfis:</b>	Umhverfisstofnun, Gottskálk Friðgeirsson
<b>Tímabil græns bókhalds</b>	01.01.2020 – 31.12.2020

Fyrirtækið Malbikstöðin ehf. hefur tvær starfstöðvar:

- Verkstæði og vinnuflokkar gera út frá Flugumýri 26, 270 Mosfellsbæ
- Framleiðsla á malbiki fer fram á Koparsléttu 6-8, 162 Reykjavík.

Á Koparsléttu er skrifstofa fyrirtækisins.

Malbikstöðin leggur áherslu á að skapa faglegt og hvetjandi vinnuumhverfi ásamt því að viðhafa menningu byggða á virðingu, metnaði og liðsheild.

### 3.2. Framleiðsla

Malbikstöðin framleiðir hráefni til malbiksframkvæmda með áherslu á gæði, þjónustu og umhverfissjónarmið. Með nýjum búnaði, virku gæðakerfi og eftirfylgni utanaðkomandi sérfræðinga eru áherslur fyrirtækisins hafðar að leiðarljósi.

Malbikstöðin er leiðandi í umhverfissvænni framleiðslu malbiks á Íslandi. Nýr tækjabúnaður gerir fyrirtækinu kleift að framleiða malbik með allt að 40% endurunnu malbiki.

Umhverfissjónarmið fyrirtækisins miðar að því að draga enn frekar úr kolefnislosun við framleiðslu á malbiki með því að skipta út dísilolíu fyrir metan við framleiðslu malbiks.

Malbikstöðin framleiðir CE merkt malbik með staðfestingu þess efnis frá Bureau Veritas í Danmörku.

### 3.3. Rannsóknarstofa

Á árinu hefur Malbikstöðin sett á laggirnar nýja rannsóknarstofu í tengslum við gangsetningu á stöðinni sjálfri. Allur tækjakostur var keyptur nýr frá sérhæfðu fyrirtæki á sviði útbúnaðar fyrir rannsóknarstofur í malbiksframleiðslu.

Rekstur rannsóknarstofu og stöðug þjálfun starfsfólks er stór liður í að tryggja gæði og einsleitni framleiðslunnar.

Hágæða tækjabúnaður á rannsóknarstofunni stuðlar að þróun á vörum fyrirtækisins og tryggir stöðugar endurbætur í framleiðslu.

### 3.4. Undirbúningur og lagning á malbiki

Malbikstöðin býður upp á verktakaþjónustu við jarðvinnu og malbikun. Fyrirtækið hefur yfir að ráða fyrsta flokks tækjakost til malbiksfræsunar og þannig gert það mögulegt að endurnýta hluta af þeim efnum sem notuð voru áður, leggja nýtt malbik og skila nýju verki án þess að hrófla þurfi við undirlaginu.

Stórar sem smáar malbikunarframkvæmdir eru eitt af sérsviðum Malbikstöðvarinnar ehf.

Við tökum að okkur malbikun á bílastæðum, stígum, götum, vegum og hvar sem þarf að malbika. Öflugur og nútímalegur tækjakostur, vel þjálfað og hæft fagfólk í hverju starfi, á hverju tæki, tryggja fyrirtaks þjónustu og malbik sem uppfyllir ytrustu gæða- og öryggiskröfum.

## 4. Umhverfisstefna

Fyrirtækið starfrækir malbikunarstöð að Esjumelum.

Malbikstöðin vinnur stöðugt að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif frá starfseminni.

Malbikstöðin vinnur að stöðugum umbótum jafnt í ferli framleiðslunnar, gæðum vörunnar sem og umbótum á sviði umhverfimála.

Malbikstöðin fylgir og starfar eftir þeim ytri kröfum sem gilda um starfsemina.

Malbikstöðin starfa í sem mestri sátt við umhverfið og vaktar reglulega umhverfisþætti starfseminnar.

Malbikstöðin setur sér það markmið að takmarka auðlinda- og hráefnisnotkun með hagræðingu og þekkingu á bestu fánlegri tækni.

Malbikstöðin tryggir fræðslu og þjálfun starfsmanna.



Vilhjálmur Þór Matthíasson



## 5. Umhverfismarkmið

Malbikstöðin setur sér umhverfismarkmið fyrir fyrstu starfsár fyrirtækisins, árin 2020-2023:

- Að tryggja að innra eftirlit og mælingar umhverfispátta séu framkvæmd með réttum hætti og að fylgst sé með virkni vöktunarbúnaðar.
- Að hefja skráningar og vöktun á umhverfispáttum sem verða grunnur að mælingum á árangri.
- Að tryggja að meðferð og nýting hráefna sé góð.
- Að vakta mótvægisáðgerðir við foki á efnum og fylgjast með virkni þeirra.
- Að umgengni á starfssvæðinu sé góð, meðhöndlun og notkun hráefna sé ábyrg og unnið verði samkvæmt verklagsreglum.

## 6. Hráefnis og auðlindanotkun

Hráefna og auðlindanotkun Malbikstöðvarinnar á árinu 2020 sýnir helstu tegundir hráefna sem notuð hafa verið við gangsetningu á stöðinni. Búnaður stöðvarinnar var fluttur til landsins í upphafi ársins 2020 og hófst framleiðsla seinni hluta sama árs. Starfsleyfi var gefið út í júní 2020.

<i>Tegund</i>	<i>Hvar í fyrirtækinu</i>	<i>Magn<sup>1</sup></i>	<i>Mælikvarði</i>
Raforka	Mótorar og hitaelement.	381.596	kWh
Vélaolía	Á steinefnaburrkara	318.031	Lítrar
Steinefni	Innlent steinefni í framleiðsluna	24.630	Tonn
Steinefni	Innflutt steinefni í framleiðsluna	5.968	Tonn
Bik	Innflutt bik í framleiðsluna	1.106	Tonn
Kalt vatn	Starfsmannaaðstaða	13	m <sup>3</sup>
Heitt vatn	Starfsmannaaðstaða	2.979	m <sup>3</sup>

<sup>1</sup> Samantekt úr bókhaldi Malbikstöðvarinnar fyrir starfsárið 2020

## 7. Áhrifaþættir og losun

### 7.1. Losun efna í andrúmsloftið

Mælingar<sup>2</sup> voru framkvæmdar í útblæstri frá reykháfi Malbikstöðvarinnar í Október 2020. Í reykháfum var mældur hraði og hitastig útblásturslofts, rykmagn og styrkur kolmónoxíðs (CO) og köfnunaroxíðs (NO<sub>x</sub>) sem (NO<sub>2</sub>). Að auki var mælt magn PAH efna í útblæstri.

Mælingar í útblæstri					
Mælipáttur	Mæligildi (meðaltöl)	Umr. mv. 17% O <sub>2</sub>	Losunarmörk klst meðaltal	Útstreymis -magn	Tímasvið
Rykmagn í útblæstri	4 mg/Nm <sup>3</sup>	4,57	50 mg/Nm <sup>3</sup>	0,22 kg/klst	1x30 mín
Kolmónoxíð CO	102 mg/Nm <sup>3</sup>	116,57	500 mg/Nm <sup>3</sup>	6,43 kg/klst	1x10 mín
Köfnunaroxíð NO <sub>x</sub> sem NO <sub>2</sub>	46 mg/Nm <sup>3</sup>	-	400 mg/Nm <sup>3</sup>	2,9 kg/klst	1x10 mín
PAH	0,000012 mg/Nm <sup>3</sup>	0,000014	0,002 mg/Nm <sup>3</sup>	0,79 mg/klst	1x60 mín
Súrefni (O <sub>2</sub> )	17,5%	-	-	-	-
Hitastig mælibúnaðar	13°C	-	-	-	-
Hitastig útblásturslofts	80°C	-	-	-	-
Rakainnihald útblásturslofts	4,8%	-	-	-	-
Loftþrýstingur á mælistað	828,4 mmHg	-	-	-	-
Lofthraði útblásturslofts	15,8 m/s	-	-	-	-
Loftmagn	55.140 Nm <sup>3</sup> /klst	-	-	-	-

Ryk í útblæstri				
Mæliröð nr.	Mælt rykmagn	Ryk í síu	Tími	Rykmagn (þurr, leiðrétt 17% O <sub>2</sub> )
1 (sía #46)	4 mg/Nm <sup>3</sup>	3,1	11:58-12:28	4,57 mg/Nm <sup>3</sup>
Bakgrunnssía (sía #77)	-	1,3 mg	12:40-12:55	-

<sup>2</sup> Framkvæmt af Verkís, verknúmer 19324002/07.

Samkvæmt þessum mælingum reyndist útstreymishraði í skorsteini undir viðmiðunarmörkum þar sem lítil starfsemi var í gangi og þarf þar af leiðandi að framkvæma nýja mælingu til að gefa betri mynd af útblásturshraða þegar betra jafnvægi verður komið á framleiðsluna. Úrbótaáætlun gerir ráð fyrir að úr verði bætt fyrir 15. September 2021.

## 7.2. Hreinsun á ofanvatni og olíuskiljur

Sett hefur verið upp sandfang í sambyggðri- sand og olíuskilju ásamt sandfangi til að hreinsa ofanvatn. Olíuskiljur eru í afrennsli af svæðum við olíugeyma. Komið hefur verið á vöktun og mælingu á sandfangi og olíuskiljum og verið er að safna saman reynslutölum og upplýsingum til að hægt sé að fastsetja grunnildi helstu umhverfisþátta starfseminnar eftir að stöðin er komin í stöðuga framleiðslu.

## 7.3. Magn úrgangs og spilliefna

Öllu sorpi frá starfstöð Malbikstöðvarinnar við Koparsléttu og Flugumýri er flokkað og fargað í samvinnu við endurvinnslu og sorphirðufyrirtæki svæðisins. Mælingar á flokkunarhlutfalli og magni eru gerðar af sorphirðufyrirtækjum sem upplýsa um niðurstöður reglulega. Hægt verður að fastsetja grunnildi fyrir flokkun á sorpi og magni spilliefna eftir að stöðin er komin í stöðuga framleiðslu.

<i>Tegund</i>	<i>Tímabil 08.2020 – 12.2020</i>	<i>Magn<sup>3</sup></i>	<i>Mælikvarði</i>
Spilliefni		7	Tonn
Almennt sorp		850	Tonn
Grófur úrgangur		1200	Tonn

<sup>3</sup> Tölur fengnar hjá Íslenska Gámafélaginu

## 8. Gátlisti frá UST

**Grænt bókhald fyrir árið: 2020**

### Almennt um starfsemina

	Texti
1.1. Nafn fyrirtækis og kennitala	Malbikstöðin ehf kt. 700402-7890
1.2. Heimilis- og pósthfang höfuðstöðva	Koparsléttu 6-8, 162 Reykjavík
1.3. Heimilis- og pósthfang annarra starfsstöðva	
1.4. GPS hnit allra starfsstöðva	
1.5. Nafn forstjóra/ábyrgðaraðila	Vilhjálmur Þór Matthíasson
1.6. Nöfn stöðvarstjóra eða tengiliða	Sveinn Andri Sigurðsson
1.7. Nöfn aðila í stjórn fyrirtækisins	Vilhjálmur Þór Matthíasson
1.8. Fyrirtækjaflokkur	ÍSAT 23990 Framleiðsla á öðrum ótöldum vörum úr málmlausum steinefnum
1.9. Er starfsemin með gilt starfsleyfi?	Já
1.10. Gildistími starfsleyfisins, frá og til	03.06.2020 til 03.06.2036
1.11. Nafn útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila	Umhverfisstofnun, Gottskálk Friðgeirsson
1.12. Tímabil græns bókhalds	01.01.2020 - 31.12.2020
1.13. Greinargerð fyrirtækis (vísa má í viðhengi)	
1.14. Yfirlýsing stjórnar	
1.15. Undirskrift endurskoðanda	

### Hráefnis og auðlindanotkun

	Hvar í fyrirtækinu?	Magn	Magn	Eining
2.1. Fjöldi starfsmanna (valfrjálst)				
2.2. Fjöldi starfssvæða/starfsstöðva (valfrjálst)				
2.3. Stærð starfssvæða (valfrjálst)				
2.4. Raforkunotkun	Malbikstöð mótórar og hitaelement		381.596	kWh
2.5. Olíunotkun	á steinefnaþurrkara		318.031	Lítrar
2.6. Gasnotkun				
2.7. Notkun jarðhitavatns og jarðgufu				
2.8. Notkun á köldu vatni			13	m <sup>3</sup>
2.9. Notkun á sjó				
2.10. Heildarhráefnisnotkun	Samtala steinefni og bik í malbik		31.704	Tonn
2.11. Notkun á innfluttu hráefni	Innflutt steinefni í malbik		5.968	Tonn

	Innlent steinefni í malbik		24.630	Tonn
	Innflutt bik		1.106	Tonn
2.12.	Notkun eiturfna & hættulegra efna			
2.13.	Notkun umbúða og pökkunarefnis	Allt hráefni er afhent í stórsekkjum eða dælt á tanka		
2.14.	Fjöldi farartækja og vinnuvéla			
2.15.	Önnur hráefnis eða orkunotkun			

## Áhrifaþættir og losun

Losun efna og meðhöndlun úrgangs	Efnisheiti eða lýsing	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining per tonn
3.1.	Losun efna í andrúmsloft			
3.2.	Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó			
3.3.	Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags			
3.4.	Magn úrgangs til förgunar			
3.5.	Magn úrgangs til endurvinnslu			
3.6.	Magn spilliefna til förgunar			
3.7.	Magn mengandi efna í framleiðsluvörum			

Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum	Heiti eða lýsing	Aldur (fyrsta notkunarár)	Ástand
3.8.	Fráveitukerfi eða skólprör (þar sem við á)	2020	Nýtt
3.9.	Hreinsun fastefna úr fráveitu (þar sem við á)		
3.10.	Fituskiljur (þar sem við á)		
3.11.	Olíuskiljur (þar sem við á)	2020	Nýtt
3.12.	Rotþrær (þar sem við á)		
3.13.	Olíu/bensínafgreiðslubúnaður (þar sem við á)	2020	Nýtt
3.14.	Olúgeymar (þar sem við á)	2020	Nýtt
3.15.	Varaafsstöð (þar sem við á)		
3.16.	Kælikerfi - slökkvikerfi (þar sem við á)		
3.17.	Lofthreinsibúnaður (þar sem við á)	2020	Nýtt
3.18.	Lyktareyðingarbúnaður (þar sem við á)		
3.19.	Varnir gegn hávaða (þar sem við á)		
3.20.	Annar búnaður er snertir mengunarvarnir		

### Umhverfismál (valfrjálsar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

4.1. Er fyrirtækið með viðurkennt eða vottað umhverfisstjórnunarkerfi?

Svar: Nei

4.2. Er fyrirtækið með skriflega umhverfisstefnu?

Svar: Já stefnu er að finna í gæðahandbók og í skjali um grænt bókhald

4.3. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið í umhverfismálum?

Svar: Já markmið eru að finna í gæðahandbók og í skjali um grænt bókhald

4.4. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið er varða auðlinda- og hráefnisnotkun?

Svar: í umhverfisstefnu er einnig markmið um takmörkun á auðlinda- og hráefnisnotkun

4.5. Er til skrifleg áætlun um að draga markvisst úr myndun úrgangs?

Svar: Nei

4.6. Er markvisst reynt að koma úrgangi í endurnotkun, endurvinnslu eða endurnýtingu?

Svar: Já

4.7. Hafa starfsmenn fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem unnið er með?

Svar: Já

4.8. Hafa starfsmenn kynnt sér bestu fáanlegu tækni fyrir starfseminu?

Svar: Já

4.9. Voru tekin sýni til greininga á mengunarefnum á árinu? (mæliniðurstöður sem ekki er ákvæði um í starfsleyfi eru valfrjáls)

Svar: Já

4.10. Hafa komið í ljós óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinnar?

Svar: Nei

4.11. Hafa orðið mengunaráhrif hjá fyrirtækinu á bókhaldsárinu?

Svar: Nei

4.12. Er til viðbragðsáætlun vegna mengunaráhrifa hjá fyrirtækinu?

Svar: Já

4.13. Hefur fyrirtækið tekið þátt í öðrum umhverfisverkefnum sem ástæða þykir til að nefna?

Svar: Já Malbikstöðin hyggst skipta út olúnotkun fyrir metan sem orkugjafa í framleiðsluferlinu.

4.14. Hefur fyrirtækið sótt um undanþágu frá færslu græns bókhalds?

Svar: Nei